

## Ávarp rektors við hátíð í tilefni af 50 ára afmæli Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, haldin 10. nóvember 2016 kl. 15.

Góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa þessa samkomu sem haldin er í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá því að Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hóf starfsemi sína árið 1966.

Þótt hálf öld sé liðin frá formlegri stofnun Raunvísindastofnunar átti hún sér lengri aðdraganda og má að vissu leyti rekja hann allt aftur til fyrstu áratuga 20. aldar.

Þótt Háskóli Íslands hafi í fyrstu einkum verið embættismannaskóli sem var samofinn sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og hafði það meginhlutverk að mennta lækna, lögfræðinga og presta, blundaði frá upphafi í stjórnendum háskólans löngun til að stefna hærra. Kemur þetta skýrt fram í fyrstu ræðu Björns M. Ólsens, fyrsta rektors Háskóla Íslands, sem hann flutti við setningu háskólans á Alþingi 17. júní árið 1911. Þar lýsir Björn þeirri framtíðarsýn að háskólinn verði vísindaleg stofnun sem njóti fullkomins rannsóknar- og kennslufrelsis, eða eins og Björns orðaði það sjálfur: „Frjáls rannsókn og frjáls kennsla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn“.

Sökum þess hversu vanbúinn háskólinn var fjárhagslega og húsnæðislega áttu þó allmörg ár eftir að líða áður en hylla tók undir að draumur Björns yrði að veruleika. Á þriðja og fjórða áratug aldarinnar urðu þær raddir þó sífellt háværari að breikka þyrfti námsframboðið og bjóða upp á almennt grunnnám í greinum á borð við verkfræði og náttúrufræði, enda var þá orðin brýn þörf fyrir fólk með slíka menntun á Íslandi. Allmörg ár liðu þó enn áður en skriður komst á málið, en þrátt fyrir þrengingar sloknaði metnaður stjórnenda og starfsmanna Háskóla Íslands aldrei og þegar komið var fram á 6. áratuginn var það orðin almenn sannfæring að ómögulegt væri að starfrækja kennsluháskóla án þess að byggja jafnframt á rannsóknastarfi.

Óhætt er að segja að árið 1961 hafi orðið straumhvörf í sögu Háskóla Íslands þegar þáverandi háskólarektor, Ármann Snævarr, skipaði nefnd til að gera tillögur um eflingu rannsókna í raunvísindum og gerðu þær ráð fyrir því að innan háskólans yrði sett á laggirnar stofnun, sem gæti orðið miðstöð fyrir vísindalegar rannsóknir á sviði stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðeðlisfræði.

Á 50 ára afmæli Háskóla Íslands sama ár afhenti sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, James Penfield, rausnarlega peningagjöf frá Bandaríkjastjórn, fimm milljónir íslenskra króna, til að hrinda mætti í framkvæmd tillögu nefndarinnar um eflingu raunvísindarannsókna við Háskóla Íslands. Skipti þetta framlag sköpum um að ákveðið var að ráðast í byggingu húss fyrir rannsóknir í raunvísindum, en auk framlags Bandaríkjamanna lögðu Hapdrætti Háskóla Íslands og ríkissjóður fram fé til verkefnisins. Byggingarframkvæmdir hófust vorið 1964.

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands var svo sett á laggirnar og henni gefið nafn með reglugerð sem tók gildi 4. júní árið 1966 og hús Raunvísindastofnunar var vígt nokkrum dögum síðar, 12. júní árið 1966. Markmiðið með stofnuninni var frá upphafi að efla undirstöðurannsóknir og hagnýtar rannsóknir í raunvísindum og er óhætt að segja að tilkoma hennar hafi markað þáttaskil í starfi háskólans því þar með var loks kominn skipulegur vettvangur fyrir rannsóknir og fastmótaðra skipulag um rannsóknastarfið. Það er til marks um hversu stórt skref þarna var stigið að í Árbók Háskóla Íslands fyrir árið 1966-1967 er haft eftir þáverandi rektor að það markverðasta í starfi háskólans á því starfsári hafi „tvímælalaust“ verið „að Raunvísindastofnun Háskólans hefir nú tekið til starfa“.

Í framhaldinu hófst svo smám saman uppbygging seinnihlutanáms eða framhaldsnáms á meistarastigi við skólann og með því var lagður grunnur að því að Háskóli Íslands gæti áfram þróast og loks orðið sá fullburða alþjóðlegi rannsóknaháskóli sem hann nú er.

Frá því að Raunvísindastofnun var sett á laggirnar árið 1966 hefur á vettvangi hennar verið unnið að þúsundum rannsóknaverkefna, ekki síst á sviði grunnrannsókna. Síðustu áratugi hefur stofnunin eflst til muna, ekki síst fyrir tilstuðlan innlendra og erlendra rannsóknastyrkja og því hefur verið unnt að ráða vísindamenn og framhaldsnema til starfa á hinum margvíslegu sviðum raun-, náttúru- og jarðvísinda.

Þótt upphaflega hafi verið lögð áhersla á grunnrannsóknir hafa þær í mörgum tilvikum reynst hagnýtanlegar og orðið tilefni til umsókna um einkaleyfi. Þekktasta dæmið um þetta er nýsköpunarfyrirtækið Marel sem varð til sem afsprengi rannsóknaverkefnis innan Raunvísindastofnunar undir stjórn Rögnvalds Ólafssonar.

Í dag er meginhlutverk stofnunarinnar að afla nýrrar þekkingar með rannsóknum á öllum sviðum raunvísinda og rekur stofnunin öndvegissetur og sérstaka aðstöðu viðamikilla rannsókna á fræðasviðum sínum, í samvinnu við innlenda og erlenda aðila.

Góðir gestir, ég vil ljúka máli mínu á því að óska okkur öllum til hamingju með 50 ára afmæli Raunvísindastofnunar. Ég er sannfærður um að stofnunin muni um ókomna framtíð halda áfram að vaxa og dafna og vera sú kjölfesta raunvísinda við Háskóla Íslands sem hún hefur verið í hálfu öld.

Kærar þakkir.